

í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. marz 1970.

Nr. 230/1969. **Álafoss h/f**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Verksmiðjunní Otri h/f

(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fyrning. Víxlar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. nóvember 1969. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 63.602.52 ásamt 12% ársvöxtum frá 5. júní 1963 til greiðsludags, kr. 250.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Stefndi sótti ekki þing í héraði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. maí s.l., af Álafossi h/f, Þingholts-

stræti 2, Reykjavík, gegn Otri h/f, Hringbraut 121, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 63.973.52 með 12% ársvöxtum frá 15. júní 1963 til greiðsludags, kr. 250.00 í stimpil- og afsagnar-kostnað og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að stefndi hafi tekið út ýmsar áklæðavörur hjá stefnanda á árinu 1963. Stefndi hafi samþykkt m. a. 4 víxla fyrir skuld sinni vegna téðra viðskipta með fjárhæðum og gjalddögum sem hér segir:

1. 15. apríl 1963 að fjárhæð kr. 24.000.00
2. 17. apríl 1963 að fjárhæð — 19.675.12
3. 30. apríl 1963 að fjárhæð — 10.000.00
4. 5. júní 1963 að fjárhæð — 9.227.40

Samtals kr. 63.973.52

Greiðslufall hafi orðið á öllum víxlunum, sem samtals nemi hinni umstefndu fjárhæð, og hafi stefndi reynzt ófáanlegur til greiðslu þeirra. Mál þetta sé höfðað með heimild í 74. gr. laga nr. 93/1933.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Þar sem hér er um vöruúttekt að ræða, gildir fjögurra ára fyrningarfrestur á kröfum þessum. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 er því skuld þessi fyrnd, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Otur h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Álafoss h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.